

Reykjavík, 22. febrúar 2018

Samkomulag um sátt vegna brots Haga hf. á 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Hinn 3. janúar 2018 gerðu Fjármálaeftirlitið og Hagar hf., hér eftir nefndur málsaðili með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að hafa láðst að birta opinberlega, innan tilsettra tímamarka, tilkynningu um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í félaginu (flöggunartilkynningu).

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 6.750.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Hinn 19. júní 2017 barst málsaðila tilkynning frá eiganda hluta í félaginu um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun). Í tilkynningunni kom fram að atkvæðisréttur hins flöggunarskylda aðila hefði farið yfir 5% mörkin, sbr. 1. mgr. 78. gr. vvl. Málsaðila bar að birta tilkynninguna eigi síðar en kl. 12:00 hinn 20. júní 2017, sbr. 1. mgr. 87. gr. vvl. Málsaðili birti tilkynninguna opinberlega hinn 28. júní 2017 kl. 22:19 (00:19 CEST).

Málsaðili óskaði eftir því að ljúka málinu með sátt.

Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 87. gr. vvl. er fjallað um frest útgefanda til að birta upplýsingar í tilkynningu. Þar segir að útgefandi skuli, eins fljótt og auðið er eftir móttöku tilkynningar skv. 78., 79., eða 80. gr. og eigi síðar en klukkan 12 næsta viðskiptadag eftir að tilkynning berst honum, birta opinberlega allar upplýsingar sem er að finna í tilkynningunni.

Brot á 1. mgr. 87. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 21. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltum samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 1. mgr. 87. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar hefur Fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar með því að upplýsa um þá sem ráða yfir verulegum atkvæðisrétti í útgefanda og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun hans. Sektarfjárhæðin tók ennfremur mið af tímalengd brotsins og að tafir hafa orðið á meðferð málsins sem ekki verða raktar til málsaðila.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti, veltu málsaðila fyrir rekstrarárið 2016 og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 6.750.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.